

Launafll.

Gjaldskráin er miðuð við, að fasviksstuðull hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.8 og geta rafmagnsveiturnar krafizt, að kaupandi geri ráðstafanir á sinn kostnað til úrbóta, ef þessu skilyrði er ekki fullnægt.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, ársgreiðslu hans, miðuð við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar, eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76 gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Söluskattur er ekki innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 og tekur hún gildi 1. janúar 1969. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 206/1967.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. desember 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

31. desember 1968.

Nr. 327.

REGLUR**um öryggisbelti í bifreiðum.****1. gr.**

Öryggisbelti eru ýmist þriggja eða tveggja punkta:

Þriggja punkta öryggisbelti er hvorttveggja í senn notað yfir mjaðmir og yfir mjöðm og öxl.

Tveggja punkta öryggisbelti eru tvenns konar:

- a) Belti notað yfir mjaðmir.
- b) Belti notað yfir mjöðm og öxl.

2. gr.

Þann enda öryggisbeltis, sem liggur yfir mjöðm, skal festa í lágfestipunkti og þann enda, sem liggur yfir öxl, skal festa í háfestipunkti.

Tveggja punkta öryggisbelti yfir mjaðmir hefur tvo lágfestipunkta. Tveggja punkta öryggisbelti yfir mjöðm og öxl hefur einn lágfestipunkt og einn háfestipunkt. Þriggja punkta öryggisbelti hefur tvo lágfestipunkta og einn háfestipunkt.

3. gr.

Óheimilt er að nota tveggja punkta öryggisbelti nema eigi sé unnt eða mjög erfitt sé að koma við festingu fyrir þriggja punkta öryggisbelti.

4. gr.

Öryggisbelti við sæti, sem næst er dyrum í bifreið, skal að jafnaði vera þriggja punkta. Nú er vegna byggingarlags bifreiðar ekki unnt að koma fyrir traustri háfestingu, nema með verulegri röskun á yfirbyggingu, og er þá heimilt að nota tveggja punkta belti yfir mjaðmir, þótt næst sé dyrum í bifreið.

5. gr.

Þess skal sérstaklega gætt, að gengið sé tryggilega frá festingu beltis við bifreið.

6. gr.

Öryggisbelti eru háð árlegri skoðun og samþykki bifreiðaeftirlits ríkisins.

Bifreiðaeftirlit ríkisins, 31. desember 1968.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
nr. 8. 23. janúar 1968.

1. gr.

2. gr. Gjaldskráinnar orðist svo:

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Jarðstrengur		Loftlína	
	stofngj. kr.	lengdargj. kr./m	stofngj. kr.	lengdargj. kr./stólpa
1 25 A 1-fasa			4 593	5 360
2 60 A —	1 048	462	5 360	6 123
3 100 A —	1 048	555	6 890	7 656
4 25 A 3-fasa			5 360	6 123
5 60 A —	1 048	555	6 890	7 656
6 100 A —	3 173	631	9 187	9 569
7 200 A —	10 910	957	18 374	11 484
8 300 A —	44 200	x		
9 150 kVA —	50 700	x		
10 300 kVA —	101 400	x		
11 500 kVA —	169 000	x		
12 800 kVA —	270 400	x		

A merkir málstraum (amper) vara í stofnvarkassa (eða stofnvara innan við stofntengikassa).

kVA merkir málraun (kilovoltamper) spennis, þegar um sérspennistöð er að ræða.

x Greiðist skv. kostnaði.